



SKOÐUN Höfum ekki efni á fleiri dýrum mistökum eins og Vaðlaheiðargöngum, segir Ásthildur Sturludóttir. **12**



LÍFIÐ Rakel og Rut vinna að heimildarmynd um ofneyslu og sóun á mat og fatnaði. **26**



SPORT Stórhuga KR-ingar ætla í Evrópukeppni og vilja fá landsliðsmann til sín fyrir veturinn. **22**



FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
28. júlí 2015
175. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Ást í meinum

Fangaverðir fella stundum hug til fanga þótt reglur banni slíkt. „Þetta kom öllum á óvart,“ segir fangelsismálastjóri um tilvik á Sogni í fyrra. Fangelsisstjóri segir slíkt brottrekstrarsök. **2**

Ná ekki til ungmenna Íslenska kerfið nær ekki til ungmenna af erlendum uppruna. Forstöðumaður Fjölmenningsseturs segir að bregðast verði við til að tryggja að þau standi ekki höllum fæti í samfélaginu. **4**



Vantar gegnsæi í mjólk Formaður atvinnuveganefndar vill að fólk geti kynnt sér betur ákvarðanir um verðlagningu. Formaður Bændasamtakanna segir tólf prósent hækkun á smjöri eðlilega. **6**



SÉRBLAÐ FÓLK



SUMAR-MARKAÐUR
20-70% AFSLÁTTUR
af öllum vörum

Ellingsen

Helmings fækkun sakamála

Sakamálum fækkaði um helming milli ára 2011 og 2014. Aðstoðarlögreglustjóri segir afbrot færast á netið.

DÓMSMÁL Sakamálum sem koma til kasta héraðsdómstólanna fækkaði um helming milli ára 2011 og 2014. Ný sakamál fyrir héraðsdómi voru 2.597 árið 2014 en 5.122 árið 2011.

Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir ástæðuna fyrir fækkun sakamála helst aukið eftirlit með síbrotamönnum. „Við höfum verið með mjög öflugar aðgerðir í gangi til að stemma stigu við að síbrotamenn geti haldið áfram óáreittir. Síbrotamenn fá miklu minna svigrúm en áður,“ segir hann.

Jón telur mikinn árangur hafa

náðst í baráttunni gegn síbrotamönnum síðustu sex ár. „Almennum hegningarlagabrotum hefur fækkað talsvert og í sumum flokkum um alveg upp í þrjátíu prósent.“ Aukið eftirlit sé með rofi síbrotamanna á reynslulausn. Þá sé síbrotagæsla beitt í auknum mæli þar sem reynt sé að hraða afgreiðslu í dómkerfinu þegar menn með langan sakaferil brjóta af sér.


Jón segir brotastarfsemi á borð við viðskipti með ólöglegan varning, fjársvikamál og kynferðisafbrotamál hafa í auknum mæli færst á veraldarvefinn. Það geti átt þátt í að skýra hvers vegna

sakamálum hafi fækkað, enda kalli slíkt brot á breytt verklag hjá lögreglu. „Lögreglan þarf að koma sér upp þekkingu og færni þar,“ segir hann.

Einnig geti frumkvæðismálum lögreglunnar hafa fækkað í niðurskurði síðustu ára. Áhersla sé þó á að sinna öllum málum sem koma inn á borð lögreglunnar.

Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs, segir að eðli og umfang dómsmála hafi breyst verulega frá hrúni. „Við förum að kljást við annars konar mál, bæði einkamál og sakamál. En eftir því sem lengra líður frá hrúni eru menn búnir að útkljá ýmis

→ Ný sakamál hjá héraðsdómstólum



álítaefni sem tengjast hrúninu og málum hefur þá fækkað hlutfallslega í samhengi við það,“ segir Símon.



GRAFA UPP GRASIÐ Á Vodafone-vellinum á Hlíðarendi var í gær verið að grafa upp grasið til að rýma fyrir gervigrasi. Valur verður því annað úrvalsdeildarliðið til að spila heima-leiki sína á gervigrasi. Á meðan á framkvæmdum stendur mun Valur leika á Laugardalsvelli.

Fólk af erlendum uppruna finnur fyrir rasisma í gegnum veraldarvefinn:

Ekkert lát á kynþáttafordómum

SAMFÉLAGSMÁL „Þessi afmennskun felur í sér að fólki finnst það geta sagt hvað sem er á kommentakerfinu,“ segir Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, en fréttir síðustu viku, af hælisleitanda sem grunaður er um að hafa smitað konur af HIV-veirunni og af sjö Albönum sem fluttir voru héðan með leiguflogi án fyrirvara, hafa vakið hörð viðbrögð á athugasemdakerfum vefmiðla.

Kristín segir að þótt kynþáttafordómar séu kóðaðir í byggingu samfélagsins virðist athugasemdakerfin vera sá staður þar sem fólk reyni ekki að fela skoðanir sínar.

„Ég veit ekki hversu margir lesa



Þessi viðhorf skjóta sínum rótum. Svo lifa þessar hugmyndir áfram.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði

þessar fréttir. Ég held að margir skoði þær ekki lengur af því það eru oft sömu fullyrðingarnar og maður verður fljótlega þreyttur á því,“ segir Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

„Þessi viðhorf skjóta sínum



Ég veit ekki hversu margir lesa þessar fréttir. Ég held að margir skoði þær ekki lengur af því það eru oft sömu fullyrðingarnar.

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna

rótum. Svo lifa þessar hugmyndir áfram,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. -snæ / sjá síðu 8

ISI 4

Einstök blanda úr 4 olíum

VEÐUR



Áframhaldandi hægviðri eða hafgola á landinu og síðdegisskúrir en bjartviðri, jafnvelt heiðstkyrt á Vestfjörðum og Breiðafirði. Sólarglennur austan til en einhver súld við norðurströndina og allra austast. Hiti er áfram svipaður.

SJÁ SÍÐU 16

Ségolène Royal kemur til Íslands til að undirrita jarðhitaklasasamkomulag og funda með ráðherrum: Umhverfisráðherra Frakklands í heimsókn

UTANRÍKISMÁL Ségolène Royal, ráðherra umhverfis- og orkumála og sjálfbærrar þróunar í Frakklandi, kom til Íslands í gær. Heimsóknin er í boði Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra og Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Royal mun funda með ráðherrunum tveimur í dag. Auk þess mun hún funda með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherrann franski mun ekki einungis sitja við fundarborðið í heimsókn sinni heldur ætla hún að kynna sér orkuiðnað hér á landi. Hún mun til dæmis heimsækja borholu við Hellsheiðarvirki.

Þá mun Royal undirrita samkomulag um samstarf milli jarðhitaklasa á Íslandi og í Frakklandi í Bláa lóninu um hádegi.

Royal situr á franska þinginu fyrir Sósíalistaflokkinn. Hún var forsetaframbjóðandi flokksins í

kosningunum 2007 en tapaði þar fyrir Nicolas Sarkozy. Þá bauð hún sig fram til formanns flokks síns árinu seinna en tapaði fyrir Martine Aubry. Árið 2011 sóttist hún svo eftir umboði flokksins til forsetaframbóðs á ný en laut í lægra haldi fyrir fyrrverandi sambýlismanni sínum og barnsföður, François Hollande.

- þea

HEIMSÓKN Umhverfisráðherra Frakka mun funda með íslenskum ráðherrum í dag.



NORDICPHOTOS/AFP



HAMRA JÁRNIÐ HEITT Þetta fólk naut veðurbliðunnar á Geirsnæfi í Reykjavík í gær með hundum sínum. Ekki spáir jafn góðu veðri um helgina. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Veðurstofan spáir 5 til 16 stigum og rigningu um helgina: Vætusamt víðs vegar um landið

VEÐUR Verslunarmannahelgin er handan við hornið og munu eflaust margir halda út á land á hinar ýmsu hátíðir um landsbyggð alla.

Veðurstofa Íslands spáir á bilinu fimm til sextán gráðu hita um helgina, mildast sunnan- og suðvestanlands.

Á laugardaginn spáir úrkomu á Austurlandi þegar líða tekur á kvöld og á sunnudegi er útlit fyrir vætu í flestum landshlutum. Ferðalangar ættu því að taka regnfötin með í útileguna vilji þeir ekki vökna.

- þea

Skuldabréfaútbóð til 4. ágúst:

Ríkið greiðir milljarða skuld

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður bauðst í gær til að kaupa eigin skuldabréf útgefin í Bandaríkjadöllum sem eru á gjalddaga í júní 2016.

Byðst ríkissjóður til að kaupa allt að 400 milljónir dala (rúma 53 milljarða króna) að nafnverði á verðinu 103,75. Útbóðið stendur til 4. ágúst næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er um að ræða skuldabréfaútgáfu frá árinu 2011. Fyrr á árinu var búið að kaupa 10 prósent af útgáfunni.

Uppgreiðslan er liður í lausa- og skuldastýringu ríkissjóðs, en ekki tengd haftalosun.

- jhh

Ummæli Huckabee umdeild:

Líkti samningi við helförina

BANDARÍKIN „Það er barnalegt að treysta Írönum. Þannig erum við að ganga með Ísraelsmenn að ofninum,“ sagði Mike Huckabee, sem sækist eftir útnefningu repúblikana í Bandaríkjunum til forsetaframbóðs, á sunnudag.

Ummælin, sem vísa til samnings stórvelda heimsins við Írana um kjarnorkumál, urðu til þess að Barack Obama forseti skaut á hann í kjölfarið.

„Ummælin væru fáránleg ef þau væru ekki svona sorgleg,“ sagði Obama. Huckabee svaraði og sagði fáránlegt og sorglegt að forsetinn tæki hótanir Írana gegn Ísrael ekki alvarlega.

- þea

Ástfangnir af föngum þótt reglur banni það

Fyrrverandi fangavörður í fangelsinu að Sogni og fangi urðu ástfangin. Í dag eru þau saman. Fangelsismálastjóri segir slík tilvik koma upp annað slagið. Brýnt er fyrir nýliðum í Fangavarðaskólanum að persónulegt samband við fanga sé óheimilt.

FANGELSISMÁL „Því miður kemur þetta upp annað slagið og við lítum þetta mjög alvarlegum augum. Yfirleitt er um að ræða fangaverði sem starfa við afleysingar,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri um ástarsambönd fanga og fangavarða.

Nýlega kom upp tilvik í fangelsinu að Sogni þar sem kvenkyns fangavörður og fangi urðu ástfangin. Fangavörðurinn var sumarstarfsmaður og eftir að störfum lauk lét hún fangelsisfyrirvöld vita af því að hún myndi halda áfram að heimsækja fangann. Þau eru saman í dag.

„Það kom upp tilvik í fyrra. Hún vildi eiga áfram í samskiptum við fangann og við ráðum engu eftir að störfum lýkur,“ segir Páll.

Hann segir að yfirleitt gruni samstarfsfólk að fangavörður og fangi eigi í ástarsambandi ef sú er raunin og þá sé gripið inn í um leið. „Í þessu tilviki grunaði engan neitt og þetta kom öllum á óvart.“

Páll mætir á nýliðanámsskeið sem Fangavarðaskólinn heldur ár hvert og brýnir fyrir nýliðum að persónulegt samband við fanga sé óheimilt.

„Ég mæti til þess að ræða þetta og svo fara sálfræðingar yfir samskipti fangavarða og fanga. Við förum yfir tilvikin sem hafa komið upp og útskýrum að það sé á engan hátt í lagi,“ segir Páll og bætir við að yfirleitt komist upp um samböndin eftir að viðkomandi fangavörður er hættur störfum.

„Það er erfitt að eiga við ást-



FANGELSI Páll Winkel segir að yfirleitt gruni samstarfsfólk að fangavörður og fangi eigi í ástarsambandi ef sú er raunin. FRÉTTABLAÐID/E. ÓL

ina og það er bara þannig að ungt fólk sem þekkir lítið til í þessum geira virðist sjá einhverja spennu í þessu, eins ótrúlega og það hljómar.“

Fangelsismálastofnun lítur persónulegt samband fanga og fangavarða alvarlegum augum og reynir eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að samskiptin séu óviðeigandi. „Það er ekki viðeigandi að fangavörður eigi slík tengsl við skjólstæðing sinn.“

Margrét Frímannsdóttir, yfirmaður í fangelsinu að Litla-Hrauni, segir að ef starfsmaður og fangi virðist af nán sé viðkomandi starfsmaður látinn víkja.

„Það er brot og það samrýmist ekki þessu starfi,“ segir Margrét og bætir við að varðstjórar



„Ungt fólk sem þekkir lítið til í þessum geira virðist sjá einhverja spennu í þessu, eins ótrúlega og það hljómar.“

Páll Winkel, fangelsismálastjóri

og aðstoðarvarðstjórar fylgist vel með því þegar nýtt starfsfólk hefur störf í fangelsinu. „Þeir fylgjast með hvort það sé minnsti grunur um óhefðbundin samskipti við fanga.“

nadine@frettabladid.is

Sænski herinn skoðar myndir af dularfullu skipsflaki sem fannst við Svíþjóð: Íslenskt fyrirtæki finnur kafbát

SVÍÞJÓÐ Íslenska fyrirtækið Explorer og sænska fyrirtækið Ocean X team fundu í gær það sem virðist vera rússneskur kafbátur í sænskri landhelgi.

Kafbáturinn er um 20 metra langur og þrír og hálfur metri á breidd og liggur kyrr á sjávarbotni en hann fannst með aðstoð fjarstýrðra kafbóta.

Samkvæmt heimildum Dagens Nyheter er talið að báturinn sé frá fyrri heimsstyrjöldinni, eða í kringum árið 1916.

Á skrokki kafbátsins er kyrillískt letur sem bendir til þess að um sé að ræða rússneskan kafbát.

Kafbáturinn er í heilu lagi og ekki eru á honum neinar sýnilegar skemmdir. Hleri bátsins er jafnframt lokaður og því hugsanlegt að áhöfnin hafi aldrei náð að yfirgefa hann. Fyrirtækin undir-



SÆNSKI SJÓHERINN Rússneskur kafbátur fannst við strendur Svíþjóðar í október árið 2014. FRÉTTABLAÐID/AFP

búa nú að rannsaka kafbátinn nánar.

Sænska sjóhernum hefur verið gert viðvart en myndir af kafbátum eru nú til rannsóknar hjá hernum. Sænska ríkisstjórnin mun hvorki tjá sig um málið né

aðhafast neitt fyrr en rannsókn hersins lýkur.

Explorer létu fyrirtækið Ocean X team hafa hnitin, sem leiddi til fundarins. Bæði fyrirtækin sérhæfa sig í rannsóknum og leit að fjársjóðum og skipsflókum á hafsbotni.

- srs

DISHWASHER

SNAPS BISTRO RESTAURANT

in 101 Reykjavík is looking for full time dishwasher. Working hours are night and weekends.

Please send your information at
snaps@snaps.is

SNAPS

Reykjavík | BISTRO - BAR | Est. 2012

101 ÓÐINSTORG REYKJAVÍK ÍSLAND SNAPS.BISTRO.IS
snaps@snaps.is +354 5116677

FIND **NEW** ROADS™

CHEVROLET




SPARK LS
VERÐ 1.790.000 KR.

10% ÚTBORGUN: 179.000 KR.



Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengi.

SPARK ER SÁ ÖRUGGASTI – AFTUR!



Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna IIHS, hefur kynnt niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2015. Chevrolet Spark stóðst hámarksöryggiskröfur stofnunarinnar „Top Safety Pick“ annað árið í röð.

Hafðu í huga að Chevrolet Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn – sjá meira á benni.is

- Aflstýri
- 4 hátalarar
- Útvarp, CD, iPod og USB tengi
- ABS hemlar
- Diskabremsur að framan
- 6 loftpúðar (gardínur)

- Barnalæsing í afturhurðum
- Öryggisvari á bílbeltum í aftursætum
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Bílbelti með sjálfvirkum strekkjara
- Hæðastilling á framljósum
- Frjókornasía

Hluti af staðalbúnaði.

Nánari upplýsingar á benni.is og chevrolet.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Verið velkomin í reynsluakstur.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánaþér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

SPURNING DAGSINS



Guðni, ætlið þið að spila lög eftir Meat Loaf?

Það er ekkert útilokað í þessari hljómsveit.

Guðni Finnsson er í hljómsveitinni Manna-kjöt sem var nýlega stofnuð.

Hælisleitandi situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa smitað ungar konur af HIV-veirunni:

Maðurinn vanrækti að mæta í blóðprufu

SAMFÉLAG „Við höfum ekki nein- ar upplýsingar um það hvort hann hafi mætt til læknis. Við erum að skoða það núna hvort hann hafi verið boðaður til læknis og hvernig málunum er háttað,“ segir Har- aldur Briem, fráfarandi sóttvarna- læknir, um hælisleitandann sem situr nú í gæsluvarðhaldi grun- aður um að hafa vísvitandi smitað ungar konur af HIV-veirunni.

Samkvæmt heimildum Frétta- blaðsins mætti maðurinn í lækni- skoðun sem hann var boðaður til í

október í fyrra. Hann var í þrigg- ang boðaður í blóðprufu í kjölfarið en vanrækti að mæta í öll skiptin.

„Útlendingastofnun hefur ekki heimild til að knýja hælisleitendur í heilbrigðisskoðun,“ segir Krist- ín Völundardóttir, forstjóri Útlend- ingastofnunar. Hún bætir við að Útlendingastofnun fái ekki upplýs- ingar um undirliggjandi sjúkdóma nema viðkomandi veiti heimild til þess eða leggi þær fram sjálfur.

Að sögn Kristínar panta þjón- ustuaðilar tíma fyrir hælisleit-

anda í heilsufarsskoðun og sjá um að boða viðkomandi í þá skoðun. Þjónustuaðilar í dag séu Reykja- nesbær, Reykjavík og Útlendinga- stofnun.

„Heilsugæslan gefur viðkom- andi tíma í almenna heilsufars- skoðun og þjónustuaðili lætur viðkomandi vita um þann tíma. Í þeirri skoðun segir heilsugæsl- an viðkomandi hvenær hann á að mæta í blóðrannsókn og berkla- próf sem gerist síðar,“ segir Krist- ín.

- ngy



Í GÆSLUVARÐHALDI Lögreglan rann- sakar málið í samstarfi við sóttvarna- lækni. Að minnsta kosti ein kona er smituð eftir manninn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



STRAND Þessi bátur er nú á floti þar sem áður var þurrlendi.

NORDICPHOTOS/AFP

Mikil monsúnrigning orsakar flóð víðs vegar um Pakistan:

Nærri 70 létust síðastliðna viku

PAKISTAN Monsúnrigningar í Pakistan hafa valdið miklum flóðum í norðaustur- og suðurhluta landsins. Alls hafa 67 látist þar í landi af völdum flóðanna undanfarna viku, þar af tíu í gær.

Flóðin hafa haft talsverð áhrif á líf um hálfrar milljónar Pakistana. Þau hafa rutt heimilum fólks á brott og orðið til þess að aðrir þurfa að yfirgefa heimili sín. Auk þess hafa flóðin leikið vegakerfi landsins grátt. Herlið hefur verið kallað út í landinu til að bjarga fólki í neyð og segist herinn hafa bjargað um tíu þúsund manns úr sjálfheldu.

- þea

Sprengjuárás í Sómalíu:

Vígamaðurinn frá Þýskalandi

SÓMALÍA Þýskur ríkisborgari af sómölskum uppruna er talinn vera sjálfsvígssprengjumaðurinn sem sprengdi upp Jazeera Palace- hótelið í Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu, í gær.

Hryðjuverkasamtökin Al-Shab- ab, sem eru tengd Al-Kaída, lýstu yfir ábyrgð á verknadini en 15 manns létust í árásinni.

Vitað er að nokkur fjöldi fólks hefur ferðast frá Evrópu og Bandaríkjunum til Sómalíu til að ganga til liðs við Al-Shabab.

Obama Bandaríkjaforseti er staddur í Eþíópíu en hann for- dæmði árásrinnar í gær.

- srs

Vilja breytingar á ESB:

Osborne hefur herferð í París

FRAKKLAND George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, kom til Parísar í gærmorgun til að ræða við franska ráðamenn um umbætur á sáttmálum Evrópu- sambandsins.

Eitt af kosningaloforðum breska íhaldsflokksins var að þrýsta á breytingar innan Evr- ópusambandsins og leggja þær í þjóðaratkvæðagreiðslu á kom- andi árum.

Koma Osborne til Parísar markar upphaf herferðar bresku ríkisstjórnarinnar til að afla stuðnings við breytta ásýnd Evr- ópusambandsins.

- srs

Erlendir unglingar standa höllum fæti

Forstöðumaður Fjölmenningarseturs segir rannsóknir á högum ungmenna af erlendum uppruna sýna alvarlega stöðu. Hann segir að bregðast verði við til að tryggja að fólk af erlendum uppruna standi ekki höllum fæti í samfélaginu.

SAMFÉLAGSMÁL „Þessar niður- stöður sýna að þau eiga í ákveð- num erfiðleikum með að fóta sig í íslensku samfélagi og ég spyr hvort við séum að ná til þeirra með viðunandi hætti,“ segir Rúnar Helgi Haraldsson, for- stöðumaður Fjölmenningarset- urs.

Fréttablaðið greindi í gær frá niðurstöðum Evrópsku vímuefna- rannsóknarinnar, sem Háskólinn á Akureyri annast, þar sem fram kemur að unglingar foreldra af erlendum uppruna eru líklegri til að hafa neytt tóbaks, áfengis og kannabisefna en unglingar for- eldra af íslenskum uppruna. Enn fremur eru unglingar erlendra foreldra líklegri til að vanmeta skaðsemi vímuefna.

Rúnar segir þessar niðurstöður áhyggjuefni. „Erum við að gefa út til dæmis forvarnbæklinga og aðrar upplýsingar á erlendum tungumálum? Erum við að ná inn í þessa jafningjahópa?“

Hann segir að niðurstöðurn- ar endurspegli rannsóknir Fjöl- menningarseturs þar sem fram kemur að ungmennum vegnar einnig illa í framhaldsskólakerf- inu.

„Við hjá Fjölmenningasetri gáfum út tölfraeðiskýrslu síð- astliðinn vetur þar sem verið er að kanna hvernig nemendur með erlent ríkisfang standa sig í framhaldsskólakerfinu. Og þetta tengist kannski óbeint rannsókn- inni frá Háskólanum á Akureyri.“

Í rannsókn Fjölmenningarset- urs má meðal annars sjá að af þeim 358 sem innrituðust í fram- haldsskóla árið 2009 útskrifuð-



FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR Unglingar af erlendu bergi brotnir eru líklegri til að neyta vímuefna og meiri líkur eru á að þeir detti úr skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ust einungis 49 eftir fjögur ár og þrettán eftir sex ár.

„Ég veit að námsráðgjafar, kennarar og stjórnendur inni í skólakerfinu eru að gera sitt besta til að tryggja hag þessara krakka en eitthvað veldur því að þeir falla í glufurnar. Við ver- um að halda betur utan um þessa krakka frá upphafi til enda innan skólakerfisins.“

Rúnar segir rannsóknirnar tvær varpa upp mynd af slakri stöðu erlendra ungmenna.

„Þetta sýnir mjög alvarlega stöðu ungmenna með erlent rík- isfang inni í framhaldsskóla- kerfinu og við verðum að passa okkur að skapa ekki með þessu svona póláriserað samfélag og fólk af erlendum uppruna standi



Rúnar Helgi Haraldsson, forstöðumaður Fjölmenningarseturs

“Við verðum að halda betur utan um þessa krakka frá upphafi til enda innan skólakerfisins.

ekki hallandi fæti í menntakerf- inu og á atvinnumarkaði. Þetta er spurning um að skoða allan pakk- ann og halda betur utan um þenn- an hóp frá upphafi til enda.“

stefanrafn@frettabladid.is

KOMDU OG UPPLIFÐU ÞJÓÐHÁTÍÐ

Feneyjum stefnt vegna lokunar á íslenska skálanum á Feneyjatvíæringnum:

Fara fram á tugi milljóna króna

MENNING Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur krafið yfirvöld í Feneyjum um bætur upp á 360 þúsund evrur, 53,4 milljónir króna, vegna lokunar á verki sem var framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum fyrr á árinu.

Verkið, sem var eftir Christoph Büchel, var moska í húsi sem hýsti áður kaþólska kirkju frá 10. öld.

Verkið hafði verið opið í tvær vikur þegar því var lokað af yfirvöldum í lok maí.

Kynningarmiðstöðin fékk aðgang að gögnum um lokunina hjá yfirvöldum en þar kemur meðal annars fram að verkinu hafi verið lokað vegna heilbrigðis- og öryggismála en yfirvöld telja að húsið hafi ekki haft burði til að hýsa þann mannfjölda sem þar kom saman.

Þá munu yfirvöld í Feneyjum einnig hafa óttast að moskan gæti orðið skotmark öfgafullra íslamista.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur safn- að vitnisburðum frá lykileinstaklingum í myndlistar- heiminum til að renna stöðum undir málflutning sinn fyrir ítölskum dómstólum.

Dómstólar í Feneyjum munu taka málið fyrir á morgun og tilkynna um úrskurð þess nokkrum dögum síðar.

- srs



MOSKAN UMDEILDA Íslenska skálanum var lokað í lok maí. MYND/SNORRÍ ÁSMUNDSSON



VIÐ LEITUM AÐ KRAFTMIKLUM LIÐSFÉLÖGUM Í NOVA LIÐIÐ!

Sæktu
um fyrir
3. ágúst

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA, VERKEFNASTJÓRI

Við leitum að ofurskipulögðum aðila sem elskar að hugsa í lausnum. Hann verður að hafa ástríðu fyrir því að sjá drauma verða að veruleika í skemmtilegum verkefnum. Í starfinu felst umsjón með fjölbreyttum verkefnum hjá fyrirtækjaþjónustu Nova, almennum rekstri deildarinnar, sölustýringu og upplýsingagjöf.

Viðkomandi þarf að hafa háskólapróf, sem og reynslu af verkefnastjórnun og sölustýringu.

ÞJÁLFARI (COACHING)

Ert þú frábær þjálfari með brennandi áhuga á fræðslu- og skipulagsmálum og nærð að laða fram það besta í fólki? Ertu skemmtilegur, góður hlustandi og enn betri leiðbeinandi? Við leitum að aðila til að hafa umsjón með Nova skólanum fyrir nýliða, að meta þörf á endurmenntun starfsmanna Nova, framkvæma hana og koma með tillögur um það hvernig hægt er að bæta þjónustuna enn meira.

Starfið er einungis fyrir þá sjálfstæðu og skipulögðu sem geta hrifið aðra með sér. Reynsla af sambærilegri vinnu er nauðsynleg. Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfinu er skilyrði.

SÍMAÞJÓNUSTA FYRIRTÆKJA, SÉRFRÆÐINGUR

Í starfinu felst umsjón með landlínubjónustu Nova, að veita ráðgjöf til fyrirtækja, aðstoða söluráðgjafa okkar og sjá um innleiðingu og eftirfylgni á þjónustunni.

Við leitum að aðila með reynslu af fyrirtækjamarkaði með brennandi áhuga á fjarskiptum og framúrskarandi þjónustulund. Þekking á IP símkerfum er kostur en ekki skilyrði.

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA, SÖLU- OG ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI

Vegna aukinna umsvifa í sölu og þjónustu til fyrirtækja leitum við að metnaðarfullum og söludrífnum einstaklingi til starfa. Hjá VIP fyrirtækjaþjónustu Nova starfar samhentur hópur sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði framúrskarandi þjónustu. Í starfinu felst sala og ráðgjöf á farsíma- og fastlínubjónustu til fyrirtækja.

Þú þarft að geta unnið sjálfstætt og hafa reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði. Ef þú hefur áhuga á fjarskiptaþjónustu og ert metnaðarfull(ur) og hress þá viljum við endilega fá þig í hópinn.

Áhugasamir sækja um á www.radum.is fyrir 3. ágúst.

Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519-6770.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hafa margir bílar verið innkallaðir það sem af er þessu ári?
2. Með hvaða liðum er Ísland í riðli í undankeppni fyrir HM í knattspyrnu karla árið 2018?
3. Hvaða fyrirtæki hefur keypt blaða-útgáfu Fótsports ehf.?

SVÖR:
1. Ríklega sexán þúsund. 2. Úkraínu, Króatíu, Tyrklandi og Finnlandi. 3. Vef-pressað.

Norðurþing með hlutfallslega of marga bæjarstarfsmenn, segir bæjarráðið og leggur fram nýja áætlun: Taki á sig verkefni starfsmanna sem hættu

SVEITARSTJÓRNIR Fækka á bæjarstarfsmönnum í Norðurþingi. Bæjarráðið segir skýrslu KPMG sýna að fjöldi starfsmanna á hverja þúsund íbúa sé mun meiri hjá Norðurþingi en hjá sambærilegum sveitarfélögum. Stefnt er að því að fjöldi bæjarstarfsmanna í Norðurþingi verði sambærilegur og hjá samanburðarsveitarfélögum í lok árs 2018. Í áætlun um það hvernig þessu marki verður náð segir meðal annars að ekki verði ráðið í ný störf innan Norðurþings nema sýnt þyki að þau séu nauðsynleg eða skili sveitarfélaginu sparnaði til lengri tíma. „Þegar starfsmaður hættir vegna ald-

urs eða annarra ástæðna er ávallt skoðaður sá möguleiki að flytja verkefni hans á aðra starfsmenn áður en ráðið er í starf hans, það er leggja starfið niður. Nýtt fólk er ekki ráðið til starfa nema áður hafi verið kannað hvort annar starfsmaður innan sveitarfélagsins geti sinnt því starfi sem losnaði,“ segir í áætluninni. Einnig er kveðið á um að ná fram samlegðaráhrifum og að þekkingarbrunnur starfsmanna verði „breikkaður með því að færa verkefni á milli aðila og auka þannig sveigjanleika starfsmanna og möguleika þeirra til að taka yfir ný verkefni.“ -gar



HÚSAVÍK Bæjarráð vill breikka þekkingarbrunn starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FÓLKSFJÖLGUN Á öðrum ársfjórðungi á þessu ári fæddust 1.050 börn.

330.610 manns á Íslandi: Landsmönnum hefur fjölgað

SAMFÉLAG Í lok júní bjuggu 330.610 manns á Íslandi, 166.170 karlar og 164.440 konur. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Þá fjölgaði landsmönnum um 870 á ársfjórðungnum. Erlend-ir ríkisborgarar voru 25.090 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 212.120 manns. Á öðrum ársfjórðungi árið 2015 fæddust 1.050 börn, en 540 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust 350 einstaklingar til landsins umfram brottflutta. Þá voru brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang 120 umfram aðflutta. -ngy

Nær 700 út frá apríl til júní: Fjórðungur fór til Noregs

SAMFÉLAG Noregur var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara á öðrum ársfjórðungi árið 2015, en þangað fluttust 170 manns. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar fluttust 480 íslenskir ríkisborgarar af 680 alls. Af þeim 570 erlendu ríkisborgurum sem fluttust frá landinu fóru flestir til Póllands, 140 manns. Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, samtals 360 manns af 550. -ngy

NEYTENDUR Mér finnst vanta alveg skýringar nefndarinnar á því hvað liggur þarna að baki,“ segir Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, um hækkun á verðlagsnefnd búvöru á smjöri um 11,6 prósent. Finnur Árnason, forstjóri Haga, gerði hækkunina að umtalsefni í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. „Vísitala neysluverðs hækkaði frá október 2013 þar til nú um 3,56%. Smjörhækkunin er rúmlega þreföld hækkun vísitölu neysluverðs. Hækkunin mun valda verðbólgu, meiri en tilefni er til. Neytendur borga hærra verð fyrir smjör-ið og lán skuldsettra heimila hækka. Ákvörðunin veldur því tvöföldum skaða,“ skrifaði Finnur. Jón Gunnarsson segir mikilvægt að hægt sé að ræða hækk-anir af þessu tagi út frá rökum og því þurfi allar upplýsingar að vera tiltækar. „Mér finnst mikilvægt þegar um er að ræða svona opinbera verðlagningu eins og er í þessu tilfelli að það liggi þá fyrir og mikilvægt að það séu raktar þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar.“ Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, á sæti í verðlagsnefnd búvara. Hann tekur undir orð Jóns Gunnarssonar. „Við mætum vera harðari með það að samþykkja öll gögn sem við höfum lagt fram og fundargerðir þannig að þetta geti komist strax í birtingu á vef ráðuneytisins,“ segir Sindri. Hann segir athugasemdir Finns Árnasonar kunnuglegar.



VERÐHÆKKANIR Formaður Bændasamtakanna segir að áður fyrr hafi mjólk og smjör verið selt á undirverði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SIGURGEIR SINDRI SIGURGEIRSSON **JÓN GUNNARSSON**

nefnd hafa tveir vöruflokkar, drykkjarmjólk og smjör, verið undirverðlagðir. Sem þýðir að aðrar vörur sem hafa verið verðlagðar hafa verið látnar taka hlutfallslega meiri hækkun til þess að verja þessa tvo vöruflokka, sem hafa verið taldar vera meiri nauðsynjavörur en aðrar,“ segir Sindri. Þessari verðtilfærslu hafi núna verið hætt og verið sé að leiðrétta muninn. Hann segir líka að smjör sé mjög hagstætt í verði

miðað við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Þá segir Sindri að tölur Hagstofunnar sýni að verð á smjöri í smásölu hafi hækkað um 5,8 prósent frá árinu 2013, en verðlagning verðlagsnefndar búvöru ekki hækkað á sama tíma. „Smjör-ið þarf því hugsanlega ekki að hækka um 11,6 prósent beint út á markað því verslunin er þegar búin að hækka vöruna umfram almennt verðlag,“ segir Sindri. jonhakon@frettabladid.is

Olíuverð lækkar á sama tíma og farþegum í millilandaflugi fjölgar verulega: Betri afkoma Icelandair Group

VIÐSKIPTI Búist er við því að rekstrarhagnaður (EBITDA) Icelandair Group fyrir árið 2015 verði á bilinu 2,7 milljörðum til 3,3 milljörðum meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi árs. Þetta kemur fram í afkomutilkynningu Icelandair vegna annars fjórðungs. Rekstrarhagnaður félagsins á öðrum fjórðungi var 50,3 milljónir dala (6,7 milljarðar króna) og jókst um 5 milljónir dala frá öðrum fjórðungi í fyrra. „Helsta skýringin á góðu gengi félagsins er arðbær innri vöxtur í millilandastarfsemi félagsins. Framboð í millilandafluginu var aukið um 15 prósent á fjórðungnum samanborið við síðasta ár og á sama tíma fjölgaði farþegum um 17 prósent,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, í afkomutilkynningunni.



Á FLUGI Aukinn ferðamannastraumur og lægra olíuverð skilar Icelandair Group betri afkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgólfur segir að sætanýting hafi verið um 81,8 prósent og aukist um 1,8 prósentustig á milli ára. „Þá hefur lækkun eldsneytis-

verðs á milli ára jákvæð áhrif á afkomuna. Rekstur annarrar starfsemi félagsins gekk einnig vel á fjórðungnum,“ segir forstjóri Icelandair. -jhh

HAVANA
hægindastóll

MARGIR
LITIR
FÁANLEGIR

VERÐ FRÁ
79.990
KR.

HÚSGAGNAHÖLLIN

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.** Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu
mest selda smábíl Evrópu

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum
3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar
Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar
Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð
Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna • Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel
ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn • Ofnæmisprófuð efni í innréttingu • Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði
5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opnið á laugardögum frá og með 8. ágúst.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

SVONA ERUM VIÐ



4.264 börn voru í tíunda bekk í grunn-skólum landsins árið 2014.

Fjórtán árum áður voru 3.908 börn í tíunda bekk.

Birting skattaupplýsinga brot á stjórnarskrá

STJÓRNMÁL Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir það brjóta gegn friðhelgi einkalífsins að birta skattaupplýsingar fólks opinberlega. Hún segist ætla að leggja fram frumvarp um að aðgengi almennings að þeim upplýsingum verði takmarkað.

Yrði það samþykkt hefði það í för með sér að ríkisskattstjóra yrði óheimilt að taka saman lista yfir þá skattgreiðendur sem mestan skatt greiða og leyfi þyrfti frá viðkomandi skattgreiðanda fyrir opinberri birtingu upplýsinga úr skattskránni.

„Þetta er ekki bara fólk sem er að lenda á einhverjum hákarlalistum heldur líka bara venju-

legt fólk sem lendir í einhvers konar úrtaki eins og það er kallað hjá þessum fjölmiðlum sem birta lista yfir þúsundir manna. Þetta er fólk sem er kannski að hugsa sér til hreyfings í vinnu og lendir þannig í erfiðri samningsstöðu gagnvart nýjum vinnuveitenda,“ segir hún.

Sigríður segir það stjórnarskrárvarinn rétt einstaklinga að þessar upplýsingar séu ekki aðgengilegar og að fjölmiðlar geri sér ekki mat úr þeim.

Steinþór Haraldsson, starfandi ríkisskattstjóri, segir málið til umræðu innan Evrópuþingsins. Hann segir Norðmenn hafa gengið lengst og það með stolti.



FRUMVARP Sigríður Á. Andersen ætlar að leggja fram frumvarp sem takmarkar aðgang að skattaupplýsingum.



HALTUR John Kerry kynnti skýrslu utanríkisráðuneytisins á hækjum sem hann hefur verið á frá því hann lenti í skíðaslysi í maí síðastliðnum.

NORDICPHOTOS/AFP

John Kerry kynnti í gær árlega skýrslu ráðuneytis síns:

Kúba tekin af mansalslistanum

BANDARÍKIN Kúba og Malasía voru í gær tekin af lista Bandaríkjanna yfir þau ríki þar sem mansal þrífst helst. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kynnti árlega skýrslu utanríkisráðuneytisins um mansal á heimsvísu í gær.

Samflokksmenn Kerrys úr flokki demókrata gagnrýndu hann fyrir að taka Kúbu og Malasíu af listanum og töldu ástæðuna pólitíska en Bandaríkin og Kúba tóku aftur upp formlegt stjórnmálasamband í síðustu viku. Auk þess er viðskiptasamningur við Malasíu í vinnslu. - þea

Féll í yfirlið á fyrirlestri:

Fyrrverandi forseti Indlands-látinn

INDLAND APJ Abdul Kalam, fyrrverandi forseti Indlands, lést í gær, 83 ára gamall.

Kalam féll í yfirlið þegar hann var að flytja fyrirlestur í norðausturhluta Indlands. Hann var fluttur á sjúkrahús í snatri en endurlíf-unartilraunir skiluðu ekki árangri og var hann úrskurðaður látinn sökum hjartaáfalls.

Kalam var ellefti forseti Indlands árin 2002 til 2007 og þótti afar farsæll í embættinu en hann var gjarnan kallaður forseti fólksins.

- srs

Standa ekki í skilum:

Hætta á lokun í ferðapjónustu

STJÓRNSÝSLA Tuttugu fyrirtæki hafa í sumar fengið tilmæli um að laga skattskilin hjá sér, annars verði þeim lokað. Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Sagt var að langflest fyrirtækjanna væru í ferðapjónustu og að þau hefðu flest brugðist við. Þó væri fyrirsjáanlegt að tveimur til þremur fyrirtækjum yrði lokað ef ekkert gerðist.

„Engu fyrirtæki hefur verið lokað í sumar. Þó eru dæmi um að fyrirtæki hafi ekki gert nauðsynlegar lagfæringar fyrir en búið var að kalla lögreglu til,“ sagði í frétt RÚV.

- gar

Ekkert lát á rasisma í efnahagsuppgangi

Fólk af erlendum uppruna finnur fyrir auknum fordómum í gegnum netið. Próffessor í mannfræði segir að afmennskun valdi því að fólk segi það sem því sýnist.

SAMFÉLAGSMÁL „Þessi afmennskun felur í sér að fólki finnst það geta sagt hvað sem er á kommentakerfinu,“ segir Kristín Loftsdóttir, próffessor í mannfræði við Háskóla Íslands.

Fréttir síðastliðinna daga, af hælisleitanda sem grunaður er um að hafa smitað konur af HIV-veirunni og af sjö Albönum sem voru fluttir héðan með leiguflugi án fyrirvara, hafa vakið hörð viðbrögð á athugasemdakerfum vefmiðlanna. Skoðanirnar eru oftast en ekki litaðar af kynþáttahyggju og þau viðhorf viðröð að Ísland eigi ekki að taka við neinum hælisleitendum til landsins.

„Varðandi hælisleitendur almennt þá er hælisleitandinn orðinn miðlægur í umræðunni sem einhvers konar ógn við þjóðríkið, ásamt málum og fólki frá Austur-Evrópu,“ segir Kristín.

„Það sem er mikilvægt að leggja áherslu á er að hælisleitandi er pólitísk skilgreining sem segir akkúrat ekkert um þessa manneskju. Þeir eru smættaðir niður í það að vera hælisleitendur, ekki manneskur með ólíka sögu og bakgrunn.“

Rannsóknir hafa sýnt hvernig aukin kynþáttahyggja kemur oft fram við efnahagsþrengingar. Kristín segir að hér á landi hafi reiði almennings við hrun fyrst og fremst beinst að bankamönnum og fólki úr viðskiptalífnum.

„Þetta þýðir samt ekki að það séu ekki meiri fordómar nú en áður. Það eru margir með innflytjendabakgrunn sem upplifa og sjá að það eru auknir fordómar í þeirra garð eftir hrunið.“

Kristín segir að þótt kynþáttfordómar séu fyrst og fremst kóðaðir í byggingu samfélagsins virðist athugasemdakerfin vera sá staður þar sem fólk reyni ekki að fela skoðanir sínar á útlendingum.

Undir þetta tekur Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Hún segir að földu fordómarnir séu meiri í íslensku samfélagi. Fólk af erlendum uppruna fái síður vinnu og eigi í meiri erfiðleikum með að finna sér húsnaði. Hún tekur þó eftir aukinni neikvæðri umræðu á internetinu, sem hafi ekki verið til staðar þegar hún flutti hingað til lands.

„Ég veit ekki hversu margir lesa þessar fréttir. Ég held að margir skoði þær ekki lengur af því það eru oft sömu fullyrðingarnar og maður verður fljótlega þreyttur á því,“ segir Anna og á þá við fréttir og athugasemdir um útlendingamál.

Aðspurð hvort fólk af erlendum uppruna taki rásískum athugasemdum persónulega svarar Anna:

„Já, sérstaklega þegar maður lendir í því sjálfur að verða fyrir sýnilegum fordómum. Fólk tekur það mjög persónulega.“

Eiríkur Bergmann, próffessor í stjórnmálafræði við Háskólann á



HÆLISLEITENDUR Umræðan síðustu daga hefur meðal annars snúist um hvort hælisleitendur eigi að fara í læknisskoðun við komuna til landsins.

NORDICPHOTOS/AFP



ÓVÆGID Umræðan er oft óviðfelldin eins og hér eru dæmi um.

MYND/SKÍJÁSKOT



EIRÍKUR BERGMANN



ANNA KATARZYNA WOZNICZKA

Bifröst, segir að svo virðist sem viðhorf til innflytjenda verði ekki jákvæðari með bættri efnahag. Það geti tekið tíma fyrir viðhorfin að breytast, enda hafi kynþáttahyggjan ekki hellst yfir landann í einu vetfangi.

„En svo veit maður ekkert hvort það muni breytast eða hvenær það muni breytast. Þessi viðhorf skjóta sínum rótum. Svo lifa þessar hugmyndir áfram.“

Eiríkur bendir á að annars staðar á Norðurlöndunum hafi þjóðernisþopúlískir flokkar náð að skjóta almennilega affram.

„Dönsk stjórnmál snúast um þjóðerni núna. Það er öxullinn í dönskum stjórnmálum. Sögulega sam-

hengið er of skelfilegt til að maður geti tekið sér það í munn, og vekur alltaf ugg,“ segir Eiríkur. „Ég er ekki að spá neinu slíku en manni finnst það alltaf hættulegt þegar þessar hugmyndir fara af stað.“

Eiríkur segir að þjóðernishyggja sé ekki einskorðuð við illa menntað fólk með lítið á milli handanna. Flokkar sem byggja á þjóðernishyggju hafi í forystu sinni fólk sem kemur vel fyrir og dregur að sér sams konar hópa fólks.

„Að miklu leyti er þetta afsprengi mjög alvarlegrar krísu sósíaldemókratíunnar í Evrópu. Þetta eru flokkar sem eru stofnaðir í kringum stéttabaráttu gegn hinum ráðandi stéttum. Svo gerist það smám saman að í forystu fyrir þessa flokka fara að koma fagaðri, betur menntaðir leiðtogar sem hafa áhuga á finni blæbrigðum stjórnmálanna; lýðræði, umhverfisvernd, femínisma og ýmsum málum en um leið missa þeir tengslin við þessa verkamannagrasrót þessara flokka.“

Í því umhverfi segir Eiríkur auðvelt fyrir þjóðernissinnaða flokka að ná miklu fylgi. snaeros@frettabladid.is

steypu hrærivélar

Lescha steypuhrærivél SBM P150 150 lítra (hægt að taka í sundur - þýsk gæði) **61.900,-**

Lescha steypuhrærivél SM 1455 140 lítra (þýsk gæði) **73.900,-**

Drive-HM-140 1600W - 14 cm hræripinni - 2 hraðar **22.990,-**

Kletthálsi Reykjavík Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

SÆLUREITUR Á BETRA VERÐI

30% afsláttur af ferðavörum





OBAMA Í EPÍÓPÍU Barack Obama Bandaríkjaforseti kom til Eþíópíu en hans hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu.

NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



SKÓGARELDAR Á SPÁNI Miklir skógareldar geisa nú í Katalóníuhéraði á Spáni og ógna bændum og skógum. 800 Spánverjar hafa þurft að yfirgefa heimili sín.



MUNKAR Í NEPAL Þessi nepalski hindúamunkur málaði sig við musteri í Katmandú, höfuðborg landsins.



PÚTÍN KVEIKIR Á KERTI Vladímír Pútín Rússlandsforseti heimsótti kirkju heilags Vladímírs í Moskvu, en þúsund ár voru í gær liðin frá því að hann var tekinn í heilagra manna tölu.



SKOTÁRÁS Á INDLANDI Indverski herinn þurfti að grípa til vopna nærri landamærunum við Pakistan þegar vopnaðir skæru-liðar réðust að landamærunum.



Á SKOTSKÓNUM Rick Perry vill ekki afvopna samlanda sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Frambjóðandi um vopnalög:
Perry vill ekki afvopna fólk

BANDARÍKIN „Þessi áform um vopnlaus svæði eru ekki gáfu- leg,“ segir Rick Perry, fyrrver- andi ríkisstjóri Texas og einn þeirra sem sækjast eftir útnefn- ingu Repúblikanaflokks Banda- ríkjanna til forsetaframbuðs. Ummælin koma í kjölfar skot- árásar þar sem árásarmaður drap tvo og særði níu í kvik- myndahúsi í Louisiana.

Umræða spratt upp um leyfi fólks til að bera skotvopn á almannafæri en Perry segir skynsamlegt að leyfa viðskipta- vinum að bera skotvopn í kvik- myndahúsum. Hann segir annað brot á stjórnarskránni.

- þea



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Gamla heilsugæslan þykir henta illa í dag. MYND/VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Tóku fyrstu skóflustunguna:
Ný heilsugæsla í Mývatnssveit

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Dagbjört Sigríður Bjarna- dóttir hjúkrunarfræðingur tóku fyrstu skóflustunguna að nýrri heilsugæslustöð sem mun rísa í Mývatnssveit.

Núverandi heilsugæsla er rekin í íbúðarhúsi sem hentar rekstrin- um illa en þrátt fyrir að byggð- in sé fámenn er aukin þörf fyrir betri grunnþjónustu vegna mikils ferðamannastraums um svæðið.

Trésmiðjan Rein ehf. mun sjá um framkvæmdirnar á nýju heilsugæslustöðinni.

- srs



Í HRÍSEY Vilja kynna sundlaugina. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐRIK ÞÓR

Ósk frá hverfisráði Hríseyjar:
Starf í sundlaug verði full staða

BYGGÐAMÁL Hverfisráð Hríseyjar óskar eftir því við bæjaryfirvöld á Akureyri að starf sundlaugar- varðar í eygni verði 100 prósent.

„Í ljósi atvinnuástands í eyj- unni þurfum við á því að halda að íbúar geti stundað atvinnu í Hrísey,“ segir hverfisráðið. Í dag er sundlaugarvarðarstarfið sam- tals 80 prósent í tveimur stöðum.

„Ljóst er að það þarf að auka við fjárveitingu til sundlaugar ef þetta á að vera hægt. Eins óskar ráðið eftir því að farið verði í kynningu á þessari glæsilegu aðstöðu sem við höfum hér en lítið sem ekkert hefur verið gert í þeim málum frá opnun þrátt fyrir óskir.“

- gar

Bandamenn í stríðinu gegn Íslamska ríkinu í norðurhluta Sýrlands taldir snúast hverjir gegn öðrum:

Kúrdar segja tyrkneska herinn skjóta á sig

SÝRLAND YPG, hersveitir Kúrda í norðurhluta Sýrlands nærri landamærunum við Tyrkland, sögðu í gær að tyrkneski herinn skyti á sig nærri sýrlenska bænum Kobane. Bærinn hefur verið skotmark Íslamska ríkisins og var nærri lagður í eyði um síðustu áramót. Síðan þá hafa íbúarnir snúið aftur til bæjarins í þeim til- gangi að endurbyggja hann.

Hersveitir Kúrda á svæðinu hafa síðustu misseri verið mikilvægir bandamenn Vestur- landa í stríðinu gegn Íslamska ríkinu. Tyrk- neska ríkisstjórnin hefur löngum sætt gagn- rýni fyrir meinta mismunun þeirra í garð Kúrda og nú væna Kúrdar þá um að skjóta sig í

bakið í baráttunni gegn Íslamska ríkinu.

„Í stað þess að ráðast gegn sveitum Íslamska ríkisins ráðast tyrkneskir hermenn á okkur. Við hvetjum tyrknesku ríkisstjórnina til að láta af árásunum,“ segir í tilkynningu frá her- sveitunum. Tyrkir neita ásökunum Kúrda en segjast vera með málið í rannsókn. Hersveit- ir Tyrkja réðust inn í Sýrland í síðustu viku í kjölfar árása Íslamska ríkisins á Tyrkland, meðal annars á hóp Kúrda í Suruc sem fundaði um endurreisn Kobane. Tyrkir vinna nú með Bandaríkjamönnum og Kúrdum við að reka Íslamska ríkið frá norðurhluta Sýrlands.

- þea



ÁRÁSIR Kúrdar segja Tyrki ráðast á sig í Sýrlandi en Tyrkir neita því alfarið. NORDICPHOTOS/AFP



Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



Ný Siemens þvottavél

-með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

Ný 8 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör með 10 ára ábyrgð. Bylgjulaga tromla („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).



8 kg
Tekur mest



Hraðkerfi 15'



10 ára
ábyrgð á
iQdrive
mótöllum.

Þvottavél, WM 14P4E8DN

Kynningarverð: 119.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Kvennakvótinn

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, lýsti því yfir í helgarblaði Fréttablaðsins að hann teldi hugmyndir um tímabundinn kynjakvóta í úthlutunum úr kvikmyndasjóði skynsamlegar. Hann ætlar að skoða þær alvarlega.

Baltasar Kormákur, sem er flestum kunnur af verkum sínum í kvikmyndaiðnaðinum, viðraði þessar hugmyndir síðar í föstudagsviðtali blaðsins. Hann sagði það grundvallaratriði að ríkið tæki frumkvæði og hvetti einkafyrirtækin til þess að framleiða meira efni eftir konur.

Verulega hefur hallað á konur innan kvikmyndageirans. Þannig var engin kona leikstjóri, handritshöfundur, kvikmyndatökumaður eða höfundur tónlistar í kvikmynd í fullri lengd árið 2014. Sjö myndir voru framleiddar á árinu og viðfangsefni flestra þeirra karllæg og aðalsöguhetjan í flestum tilvikum karlmaður.

Staðan hefur verið mikið rædd að undanfögnu, bæði innan kvikmyndageirans sjálfs og almennt í samfélaginu. Ekki er að sjá annað en að róid sé að því öllum árum að bæta þessa stöðu. Það er enda þörf á því. Rétt eins og menningarmálaráðherra segir, það gengur ekki að helmingur þjóðarinnar, sem eru konur, eigi sér ekki sína rödd í kvikmyndum, öflugasta miðli nútímans.

Konur í greininni hafa kallað hátt eftir breytingum og stuðningi. Dögg Mósesdóttir, formaður Samtaka kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum, sagði stöðuna mjög vandræðalega í samtali við Fréttablaðið fyrr á þessu ári. Valdastrúktúrinn í greininni viðhélldi ástandinu og flestir væru blindir á þennan strúktúr. Þannig væri það skilyrði að styrkþegar frá Kvikmyndamiðstöð störfuðu í greininni. Meirihluti þeirra sem þar starfa eru karlar og því augljóslega litlar líkur á að konur hljóti styrki. Dögg kallaði eftir pressu að ofan og taldi lausnina mögulega felast í kynjakvóta.

Baltasar var í föstudagsviðtalinu ekki aðeins með meiningar um að stefna þyrfti að frekari aðkomu kvenna í kvikmyndagerð, heldur lagði hann beinlínis til aðferðina. Framlög til kvikmyndasjóds verði aukin, potturinn stækkaður og allt sem er umfram það sem þegar er fari til kvenna í kvikmyndagerð. Þetta verði gert næstu fimm árin, þannig að um væri að ræða tímabundna aðgerð.

Ráðherra segir að huga þurfi að útfærslum, það eitt og sér að bæta við fjármagni sé ekki nóg. „Það skiptir máli að fyrirtækin sem starfa í greininni nýti sér þá fjármuni og ýti áfram konum, opni fyrir þær tækifærin. Það er ekki bara ríkið sem getur gert það, en við getum sannarlega hvatt til þess,“ segir Illugi.

Það er ekki að sjá að vanbúnaðurinn sé nokkur. Einn þekktasti og áhrifamesti Íslendingurinn í kvikmyndagerð og sjálfur ráðherra málaflokksins hafa báðir lýst yfir vilja til framkvæmda. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður spyr í blaðinu í dag hvort Baltasar og Illugi meini það sem þeir segi. Það er aðeins ein leið fyrir þá félagar að sýna að þeir séu menn orða sinna; með því að afhenda konum í kvikmyndagerð sinn skerf næstu fimm árin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

heimkaup.is/skifan

HÚN ER MÆTT
AFTUR!
...nú á Heimkaup.is

VÍNÝLL
frá 990,-

Geisladiskar frá
390,-

www.heimkaup.is

HEIMKAUP

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vandræði í útlendingamálum

Enn einn vandræðagangurinn skekur Útlendingastofnun þessa dagana. Nú er hælisleitandi grunaður um að hafa smitað fjölda íslenskra kvenna af HIV-veirunni. Kristín Völundardóttir, forstjóri stofnunarinnar, segir í samtali við RÚV að maðurinn hafi sjálfur trassað að skila inn læknisvottorði. Þrátt fyrir að hafa verið hér í bráðum ár. Hann hafi átt að fara í skoðun „skömmu eftir“ komuna til landsins. Lögmenn hælisleitenda hvíslast nú á í forundran og kannast ekki við málið. Skjólstæðingar þeirra hafi ekki verið sendir í neina lækni skoðun fyrr en þegar það á að veita þeim dvalarleyfi. Það getur tekið marga mánuði og ár. Og

svo svarar Útlendingastofnun fyrirspurn DV á þá leið að hælisleitendum beri ekki að skila inn læknisvottorði eða veita upplýsingar um heilsufar sitt. Veit Kristín ekki hvert verklag innan sinnar eigin stofnunar er?

Að verða fjölmiðlakóngur

Björn Ingi Hrafnsson keypti á dögunum nokkur bæjarblöð af Ámunda Ámundasyni og bætti þar með í fjölmiðlasafn sitt. Fyrir á hann DV og Vefpressuna. Miðað við viðbrögðin í samfélaginu mætti ætla að hann hefði sameinað Morgunblaðið, Fréttablaðið og fréttastofu RÚV og gert forsætisráðherra að ritstjóra. (Í staðinn keypti hann smáblöð með lítinn lestur.) Þeir sem hafa tjáð sig um málið virðast

þeirra skoðunar að það hafi verið siðlaust af Birni að kaupa blöðin, sem þó höfðu verið til sölu í tvö ár samkvæmt fyrrverandi eiganda þeirra.

Samfylking og VG úr tengslum

Í Fréttablaðinu í dag segir Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur að aukin þjóðernishyggja sé í raun sósíaldemókratísk krísa. Sósíaldemókratískir flokkar hafi fjarlægst stéttabaráttuna um of og þar með alþýðuna. Þetta er rétt. Þess vegna eru VG og Samfylking að berjast í bökkum. Almennur tengir ekkert við gælumálin þegar gæludýrin þeirra svelta heima. Sósíaldemókratísku flokkarnir hljóta að bera einhverja ábyrgð á því að almenningur aðhlyllist hægri stefnuna í auknum mæli. snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



Frestun Dýrafjarðarganga? Nei, takk!

SAMGÖNGUR



Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri í Vesturbýggð

Barátta okkar Vestfirðinga fyrir bættum samgöngum er orðin áratugalöng. Ávallt virðast lausnir í sjónmáli en því miður hafa vestfirskar samgöngubætur liðið fyrir síendurtekna „frestun á framkvæmdum“ um langt skeið. Ýmist hefur þurft að kæla hagkerfið eða draga saman vegna peningaleysis og þá er framkvæmdum á Vestfirðum ídulega frestað. Vestfirðingar eru skynsamt fólk, seinþreytt til vandræða og hafa í gegnum tíðina sýnt þessum ákvörðunum skilning og tekið þeim af yfirvegum.

Dýrafjarðargöng, Dynjandisheiði, vegur um Gufudalssveit og vegur norður í Árneshrepp eru allt framkvæmdir sem áttu að vera tilbúnar fyrir nær 10 árum. Því miður hafa þessar samgöngubætur enn ekki orðið að veruleika. Þessir vegir eru forsenda samvinnu og samstarfs á Vestfirðum og eflingar byggðanna. Þeir eru forsenda samreksturs heilbrigðisstofnana og samnýtingar starfsfólks. Þær eru forsenda reksturs á sameiginlegum embættum sýslumanns, lögreglustjóra, skattstjóra, starfi minjarvarðar, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Án vegabóta verður aldrei hægt að ná þeim slagkrafti sem nauðsynlegur er starfsemi þessari. Nú eða til að ná fram þeim sparnaði og fagmennsku sem sameining heilbrigðisstofnana og sýslumannsembætta áttu að skila svæðinu. Án Dýrafjarðar-

ganga verður sameining stofnana á svæðinu ekkert annað en sameiginleg kennitala.

Nýlega kom formaður samgöngunefndar og þingmaður Norðvesturkjördæmis fram og sagði að göng undir Fjarðarheiði ættu að færast fremst í röð jarðgangaframkvæmda og hægt yrði að bjóða þau út á næsta ári, enda væri pólitískur vilji fyrir framkvæmdinni. Ég hef mikinn skilning á því að bæta þurfi samgöngur til Seyðisfjarðar, hins vegar finnst Vestfirðingum athyglisvert að flýta þurfi framkvæmdum við fjórðu göngin í NA-kjördæmi – enn og aftur á kostnað Dýrafjarðarganga. Rannsóknir og hönnun Fjarðarheiðarganga eru varla hafnar, en Dýrafjarðargöng hafa verið tilbúin til útboðs í næstum 10 ár! Þjóðin hefur ekki efni á því að gera önnur dýr mistök vegna fljótfærni við gangagerð, sbr. Vaðlaheiðargöng, þar sem mikill afsláttur var gefinn af rannsóknum. Framkvæmdin við Fjarðarheiðargöng verður stærsta jarðgangaframkvæmd allra tíma á Íslandi og mun soga til sín allt jarðgangafé svo árum skiptir. Á meðan verður varla borað í gegnum mörg önnur fjöll! Í hugum okkar Vestfirðinga væri frekari frestun framkvæmda við Dýrafjarðargöng og Dynjandisheiði afar óskynsamleg og í hróplegu ósamræmi við samgönguáætlun og þann sparnað sem hið opinbera ætlar sér að ná fram með sameiningu stofnana á svæðinu.

Eigum við að loka SÁÁ og Hjartavernd?

Frá því að ég man eftir mér hafa íslenskir sósíalistar verið með barnalegar samsæriskenningar um Sjálfstæðisflokkinn. Þær eru vanalega einhvern veginn svona; gamli Sjálfstæðisflokkurinn er dauður, núna eru komnir aðilar sem vilja bara græða og niðast á fátæku fólki.

Íslenskir sósíalistar hafa á öllum tímum skrifað og talað svona um Sjálfstæðisflokkinn. Auðvelt er að skoða gömul eintök af Þjóðviljanum eða fletta Þingtiðindum ef menn vilja rifja það upp.

Einn helsti hugmyndafræðingur íslenskra vinstrianna, prófessor Stefán Ólafsson, hefur verið duglegur við að halda þessu á lofti og skrifaði nýlega enn eina greinina á Eyjuna um hvað forystumenn í Sjálfstæðisflokknum eru vont fólk og taldi þá „villutrúar og vilja bara græða“.

Hann fullyrti að sjálfstæðismenn vildu grafa undan opinbera samtryggingakerfinu og koma á bandarísku kerfi í heilbrigðismálum og vildu bara einkarekstur. Einhver kynni að segja að slíkur málflutningur væri svo galinn að það skyldi ekki taka hann alvarlega og það er mikið til í því en ekki verður fram hjá því horft að oft er vitnað í manninn í fjölmiðlum eins og um sé að ræða faglegt mat fræðimanns.

Einkavæðing VG og Samfylkingarinnar

En að kjarna máls. Eru Stefán og e.t.v. vinstrimenn almennt andsnúnir einkarekstri í heilbrigðiskerfinu?

Af hverju samdi þá hreina vinstristjórnin við einkaaðila? T.d. um sjúkrahótel og tannlækningar? Stefán Ólafsson var innsti

HEILBRIGÐIS-MÁL



Guðlaugur Þór Þórðarson
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

→ Ef við ætlum að ná betri árangri verður umræðan að vera byggð á staðreyndum og án öfga. Það er mikilvægt að nýta reynslu nágrannaþjóða okkar til að bæta núverandi þjónustu.

koppur í búi hjá þeirri ríkisstjórn og var m.a. í sérverkefnum fyrir hana í heilbrigðismálum.

Ef við notum orðalag vinstrianna þá stóð ríkisstjórn VG og Samfylkingarinnar, ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms, að stærstu „einkavæðingu“ í heilbrigðisþjónustu á Íslandi.


Og er það virkilega svo að prófessorinn þekki ekki muninn á bandarísku heilbrigðiskerfi og því skandinavíska? Það eitt og sér hlýtur að teljast mjög alvarlegt mál.

Eigum við að banna einkarekstur?

Er hann á móti einkarekstri í heilbrigðismálum? Á ríkið að taka yfir rekstur einkaaðila? Það myndi þýða að eftirfarandi rekstrareiningum yrði lokað:

SÁÁ
Reykjalundi
Grund
Hrafnistu
Sóltúni (reyndar nær öllum hjúkrunarheimilum landsins)
Tannlæknastofum
Sérfræðilæknastofum
Heilsugæslu Salahlverfis
Sjálfstæðum heimilislækningastofum
Krabbameinsfélaginu
Rauða krossi Íslands
Hjartavernd
o.s.frv.

→ Framlög til heilbrigðismála



Með öðrum orðum erum við að tala um að taka upp fyrirkomulag sem hvergi þekktist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Trúir einhver því að heilbrigðisþjónustan á Íslandi verði betri ef við bönnum einkarekstur?

Að veita góða heilbrigðisþjónustu er eilífðarverkefni. Við sjálfstæðismenn höfum forgangsraðað í þágu þeirrar þjónustu, það sama verður ekki sagt um íslenska vinstrimenn.

Ef við ætlum að ná betri árangri verður umræðan að vera byggð á staðreyndum og án öfga. Það er mikilvægt að nýta reynslu nágrannaþjóða okkar til að bæta núverandi þjónustu.

Norðurlandabjóðirnar eru með blandað kerfi og eru óhræddar við að nýta kosti einkareksturs, horfum til þeirra og höfnum þessum öfgasjónarmiðum.

Augu kvenna?

Þekktur íslenskur kvikmyndagerðarmaður segir í viðtali við Fréttablaðið 24. júlí að hann vilji láta setja „kynjakvóta“ á úthlutanir fjár úr kvikmyndasjóði. Með þeim hætti vilji hann „auka hlut kvenna í kvikmyndagerð“.

Daginn eftir talar blaðið við menntamálaráðherrann sem segir með tungutaki nútímans: „Þetta er hugmynd sem ég er tilbúinn að skoða alvarlega.“

Ekki verður betur séð en þessir menn séu að mæla með því að gert skuli upp á milli umsókna um framlög úr þessum opinbera sjóði á grundvelli kynferðis umsækjenda. Í orðum

JAFNRÉTTI



Jón Steinar Gunnlaugsson
lögfræðingur

þeirra felst ráðagerð um að karlmenn sem sækja um skuli ekki njóta sama réttar til framlags og konur.

Í 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrár okkar er að finna svofellt ákvæði: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Gaman væri að heyra þessa tvo menn skýra út fyrir okkur hvernig þessar hugmyndir samrýmast ákvæðinu. Þeir hljóta að ráða við það eða hvað? Nema þeir meini ekkert með því sem þeir segja og séu aðeins að reyna að ganga í augu kvenna. Það væri þá ekki í fyrsta skipti sem karlmenn leggja lykkju á leið sína í þeim tilgangi!

Draumur um öflugt samstarf milli leikskóla og Barnaverndar

Það er fagnaðarefni að sjá umfjöllun Fréttablaðsins um Barnavernd Reykjavíkur og starfsemi hennar í tengslum við leikskólana. Ég þarf samt að viðurkenna að margt í þessari frétt kom mér á óvænt varðandi hugsanlegar orsakir fyrir því að of fáar tilkynningar berast frá leikskólum. Lengi hefur verið þörf á slíkri umræðu og samtali sem leitt getur af sér breytingu innan kerfisins.

Ég hef aldrei óttast viðbrögð foreldra þegar ég hef sent frá mér tilkynningu. Það hefur ávallt verið mín vænting um að eitthvað yrði gert til þess að styðja við fjölskyldu sem þarf á hjálp að halda. Því miður er staðreyndin oft önnur. Allt of sjaldan fæ ég upplýsingar frá hendi Barnaverndar um hvað hefur verið gert eða hvort mál hefur verið tekið fyrir þar. Þegar ég sendi frá mér tilkynningu þá fá foreldrar að vita að það var ég sem sendi inn tilkynningu. Sem betur fer er ég óhrædd við að ræða opinskátt við foreldra um mínu tilkynningaraskyldu og í sama augnabliki sýna umhyggju fyrir velferð barna og fjölskyldunnar.

Ég tel, og er ekki ein um þessa skoðun, að leikskólar séu hluti af úrræðum í tengslum við varðveislu barna. Þetta eru úrræði sem ganga lengra en eingöngu að tilkynna áhyggjur okkar og vitneskju um hagi barna. Við erum aðilar sem erum í einstakri aðstöðu til að vinna með fjölskyld-

um daglega. Við getum veitt foreldrum bæði stuðning og upplýsingar um mataræði, tannvernd, hreyfingu, hreinlæti, aðstoð við aga og heilsusamlegt uppeldi.

Upplifun flestra leikskólakennara er að upplýsingastreymi varðandi mál Barnaverndar sé í eina átt þar sem við erum ekki hluti af lausninni. Það er frekar sárt að heyra að ástæðan vegna þessa eru lög sem varða trúnaðarskyldu. Lögin ættu ekki að þurfa að koma í veg fyrir öflugt samstarf milli aðila sem eru hvort eð er bundnir trúnaði og skyldum til þess að gæta að velferð barna. Trúnaðarskyldan er einn mikilvægasta ábyrgðarþátturinn í okkar störfum, bæði hjá Barnavernd og í leikskólum. Trúnaður er oftast forsenda fyrir því trausti sem ríkir milli heimila og skóla. Okkur er treyst fyrir velferð barna og fjölskyldna. Okkur er treyst fyrir faglegu samstarfi til þess að styðja við þau erfiðu málefni sem fólk þarf að takast á við þegar það kemur að uppeldi og menntun barnanna.

Fyrir þremur árum kynnist ég öflugum skóla í Corby í Bretlandi sem heitir Pen Green Family and Children's Center and Research Base. Um er að ræða leikskóla og fjölskyldumiðstöð sem er byggð á faglegu samstarfi milli velferðar og menntasviða innan sveitarfélagsins. Gott samstarf milli félagsráðgjafa, barnaverndar, leikskólakennara og foreldra er fordæmi sem ég heillaðist mjög

→ Allt of sjaldan fæ ég upplýsingar frá hendi Barnaverndar um hvað hefur verið gert eða hvort mál hefur verið tekið fyrir þar. Þegar ég sendi frá mér tilkynningu þá fá foreldrar að vita að það var ég sem sendi inn tilkynningu.

af. Þegar áhyggjur eða grunur er um slæman aðbúnað eða lakar aðstæður barna sem kalla á barnaverndarafskipti hjá Pen Green er sett af stað teymi með öflugum þverfaglegu samstarfi. Allt það fagfólk sem ég hef nefnt hér sest saman við borðið og ræðir stöðu málsins, hver geri hvað og í hvaða tilgangi. Úrræði eru fjölþætt og mótuð út frá barni og fjölskyldu í neyð, ekki út frá úrræðum sem eru til í kerfinu. Eftirfylgni er sinnt af öllum aðilum og traust ríkir milli fagmanna og fjölskyldunnar. Í Pen Green er kerfi sem er byggt á þverfaglegu og gagnkvæmu samstarfi þar sem trúnaður liggur til grundvallar í teyminu.

Mig dreymir um þann dag þegar ég sit við slíkt borð, dag þegar það er ekki lengur hægt að segja: Ég hef ekki gert nóg. Dag þar sem ég mun starfa með Barnavernd í lausnarleit og við stuðning við fjölskyldu. Vonandi verður umfjöllun Fréttablaðsins til þess að ýta af stað breytingu þar sem samstarf verður skoðað og við náum að bæta samstarf okkar kerfa til hagsbóta fyrir fjölskyldur og börn.

BARNAVERND



Nichole Leigh Mosty
leikskólastjóri

HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER

BESTU LÖG
BJÖRGVINS

MÍÐASALA HAFIN Á
MÍÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800



HLJÓÐX



midi.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

PORGERÐUR ELLEN GUÐMUNDSDÓTTIR
Dalseli 6,

lést aðfaranótt 20. júlí á blóðlækningadeild Landspítalans. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11G á Landspítalanum og Karitas fyrir góða umönnun.

Julie Hrefna Hilton
Adrian Agnar Field
barnabörn og barnabarnabarn
Guðmunda, Lára, Kolbrún og mágar.

Wayne Hilton
Katarzyna Field



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGUNN INGVAÐÓTTIR
Þórmörk, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, laugardaginn 25. júní.

Brýndís Þórarinsdóttir
Baldvin Þórarinnsson
Ingunn Þóra Hallsdóttir
Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir
Axel Ingi Ólafsson
Emil Grettir Ólafsson

Aðalgeir Aðdal Jónsson
Ólafur Ingi Grettisson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

MARGRÉT KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR
Langatanga 2a,
áður Teigagerði 16,

er látn. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 13.00.

Björn Úlfar Sigurðsson
Sigríður M. Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

Ósk Halldórsdóttir
Ágúst Benediktsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

EÐVARÐ JÓNSSON
áður til heimilis að Byggðavegi 148,
Akureyri,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 21. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 30. júlí klukkan 13.30.

Viðar Örn Eðvarðsson
Margrét Dóra Eðvarðsdóttir
Edda Rut Eðvarðsdóttir
Jón Eðvarð Viðarsson
Auður Berglind Arnarsdóttir
Gunnþórunn Sól Ríkarðsdóttir
Elena María Ríkarðsdóttir
Brynhildur Lára Ríkarðsdóttir

Arnar Guðmundsson
Ríkarður Bergstað Ríkarðsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

SNÆBJÖRN HJALTASON ARNLJÓTS
læknir,
til heimilis í Norrköping, Svíþjóð,

lést á sjúkrahúsinu í Norrköping í Svíþjóð fimmtudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Nes Kirkju 30. júlí kl. 15.00.

Kanitta Arnljóts
Anna María S. Arnljóts
Arnljótur S. Arnljóts
Bárður Sigurgeirsson
Björn S. Arnljóts
David Arnljóts
Egill S. Arnljóts
Guðm. Karl Snæbjörnsson
Hjalti S. Arnljóts
Þorsteinn S. Arnljóts
barnabörn og barnabarnabörn.

Lina Arnljóts
Jenný Axelsdóttir
Kristina Arnljóts
Maria Arnljóts
Rebeka Nagy
Laufey I. Gunnarsdóttir
Birgitta Johansson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

RANNVEIG ÓLAFSDÓTTIR
Lækjasmára 8, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 23. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Guðjón Örn Kristjánsson
Guðbjörg Guðjónsdóttir
Ólafur Jón Guðjónsson
Katrín Guðjónsdóttir
Erla Björk Guðjónsdóttir
Örn Már Guðjónsson
og fjölskylda þeirra.

Stefán Þórisson
Eyrún Ásta Bergsdóttir

Gunnar Ólafsson
Sigrún Svava Gísladóttir



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HREFNA ÓLAFSDÓTTIR
rithöfundur,
Bjarnhólastíg 24, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á heimili sínu þann 15. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jenný K. Kolsöe
Sigrún Guðgeirsdóttir
Edda L. Guðgeirsdóttir
Auður R. Guðgeirsdóttir
Þorkell Kr. Guðgeirsson
barnabörn og langömmubörn.

Hjörtur H. Kolsöe
Ólafur Á. Lange
Vilhjálmur Ragnarsson



Ljóðaflóð í Listasafni Sigurjóns

Erla Dóra Vogler og Eva Pyri Hilmarsdóttir koma fram í Sigurjónssafni í kvöld.

„Lögin eru öll úr smíðju Jórunnar Viðar, ýmist eftir hana eða þjóðlög í hennar útsetningum,“ segir Erla Dóra Vogler mezzosópransöngkona um sumartónleikana í kvöld í Listasafni Sigurjóns á Laugarnestanga klukkan 20.30. Hún syngur og Eva Pyri Hilmarsdóttir leikur á píanó. Þær nefna dagskrána Ljóðaflóð og þar eru þekkt þjóðlög eins og Upp'í háa hamrinum og Krumminn í hlíðinni, líka Unglingurinn í skóginum og Sætröllskvæði.

Erla Dóra hefur víða komið við í söng og leik frá því hún lauk námi í Vín og hið sama gildir um Evu Pyri sem útskrifaðist með hæstu einkunn frá Royal Academy of Music í London.

-gun



ÞJÓÐLEGAR

Eva Pyri og Erla Dóra flytja eingöngu íslenskt efni í kvöld.

MYND/ARNA RÚN RÚNARSDÓTTIR

Helgar gersemar á Hólum

Hið íslenska biblíufélag varð 200 ára í þessum mánuði. Í tilefni þess verður opnuð sýning á einu merkasta biblíusafni landsins í Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal á laugardaginn.

„Okkur fannst við hæfi að sýna hið fágæta safn okkar helgu bóka nú þegar Hið íslenska biblíufélag fagnar 200 ára afmæli,“ segir séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, um sýningu sem þar verður opnuð klukkan 14 á laugardaginn. Bækurnar eru margar hverjar úr safni séra Ragnars Fjalars Lárussonar.

„Séra Ragnar Fjalar var ástríðusafnari og keypti fágætar biblíur víðs vegar um landið og erlendis. Þegar hann féll frá eignaðist ríkisstjórnin þær og gaf Hóladómkirkju árið 2006, þegar biskupsstóllinn varð 900 ára,“ lýsir séra Solveig Lára. Guðbrandsbiblía, sem fyrst var prentuð á Hólum 1584, verður að sjálfsögðu til sýnis og tvær aðrar úr sömu prentsmiðju; Þorlákssbiblía, kennd við Þorlák Skúlason sem tók við biskupssembættinu af Guðbrandi, og Steinsbiblía sem var prentuð 1728. Séra Solveig Lára nefnir líka biblíu Gustavs Vasa, sem var fyrsta sænska biblían, og biblíu Kristjáns III, sem var sú fyrsta danska.

„Meðal annars verður til sýnis hið hebreska Gamla testamenti sem Guðbrandur Þorláksson keypti í Þýskalandi og var geymt lengi hér á Hólum þótt enginn þekkti lettrið því það er öðruvísi en okkar,“ segir séra Solveig Lára og heldur áfram: „Til er skemmtileg saga um þvottakonur sem voru að þvo hér við lækinn og hituðu vatnið yfir eldi, þeim datt í hug að setja þessa bók á eldinn, þar sem enginn skildi hvort eð er það sem í henni stæði en þá kom einhver sem varð bókinni til bjargar. Talið er að Guðbrandur hafi ætlað að þýða hana sjálfur, hann kunni víst hebresku, enda var hann sérlega mikið menntaður, bæði stjórnufræðingur og náttúrufræðingur og teiknaði fyrsta landakortið af Íslandi, sem frægt er.“

Hið íslenska biblíufélag er talið elsta félag landsins og var upphaflega stofnað til að gera almenningi kleift að eignast Biblíuna. Áður var það ekki á færi nema efnaðra, enda kostaði hún þrjú kíkrverð, að sögn séra Solveigar Láru. „Félagið stendur fyrir því að Biblían er alltaf endurskoðuð og prentuð og biskup Íslands hefur verið forseti þess frá upphafi,“ upplýsir hún.



VÍGSLUBISKUPINN „Það verður örugglega gaman hér á laugardaginn,“ segir séra Solveig Lára á Hólum.

MYND/HEIDA@HEIDA.IS

Séra Solveig Lára segir sýninguna fyrir alla sem hafa áhuga á bókum. „Svo getur svona sýning kveikt áhuga hjá þeim sem ekki hafa hann fyrir,“ bendir hún á. Á opunarhátíðinni munu Hjalti Jónsson og Lára Sóley Jóhannsdóttir syngja biblíuljóð og boðið verður upp á veitingar. „Það verður örugglega gaman hér á laugardaginn og fullt af fólki sem fær að njóta,“ segir vígslubiskupinn og tekur fram að sýningin verði opnuð klukkan 14 og verði svo opin alla daga í ágúst frá 10 til 18.

gun@frettabladid.is

Meðal annars verður til sýnis hið hebreska Gamla testamenti sem Guðbrandur Þorláksson keypti í Þýskalandi og var geymt lengi hér á Hólum þótt enginn þekkti lettrið því það er öðruvísi en okkar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Ábyrgt kynlíf margborgar sig
Augnabliksskortur á dómgreind getur
haft afdrifaríkar afleiðingar til frambúðar.
Áfengi slævir dómgreind. Smokkurinn er
eina vörnin.
SÍÐA 2

**LOKA-
SPRETTUR
ÚTSÖLUNNAR
HAFINN**

**50%-70%
AFSLÁTTUR**

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ
AÐ VERSLA ÞEKKTA
MERKJAVÖRU
Á FRÁBÆRU VERÐI

**BERNHARD
LAXDAL**

Laugavegi 63 • S:551 4422

Vertu vinur á Facebook



GÓÐ MELTING

Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og á meðan á ferðalaginu stendur er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingar-ónot.

EKKI LÁTA MAGAÓNOT SKEMMA FRÍÐ ÞITT

GENGUR VEL KYNNIR Prógastró DDS+3 góðgerla sem byggja upp heilbrigða meltingarflóru svo að þú getir notið frísins án allra meltingarónota.

Heilbrigð meltingarflóra en ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar ferðast er erlendis kemst meltingin í tæri við nýja flóru sem oft getur valdið ónotum, s.s. niðurgangi, verkjum og hægðatregðu, og spilt fyrir gleðinni í ferðinni. Með inntöku góðgerla styrkir þú ónæmiskerfið og byggir upp heilbrigða og sterka flóru í meltingarvegnum sem er betur í stakk búinn til að takast á við óþekktar bakteríur.

EINN ÖFLUGASTI ASIDÓFÍLUSINN

Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með!

Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og á meðan á ferðalaginu stendur, er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingar-ónot. Ekki er nauðsynlegt að geyma Prógastró DDS+3 í kæli.



SÝRU- OG GALLPOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann.

SÖLU- STAÐIR

*Flest apótek, heilsu-
búðir og heilsuhill-
ur stórmarkaða og
verslana. Nánari
upplýsingar á www.gengurvel.is*

**SMÁRÉTTA HOT PLATE
DJÚSÍ OG HOLLT**

1.690kr

Culiacan
MEXICAN GRILL
Deildarstíðni 4a
www.culiacan.is

Ekki láta mýflugurnar
skemma fyrir þér fríð

**Án
eiturefna**

EFFITAN[®]
Skordýrafæla
Úti um ferir þú og
semur í veg fyrir
moskító, maura og flóabít

Kemur í veg fyrir
mýflugna-
moskító-, maura-
og flóabít. Allt
að 8. klst virkni.

Fæst fæst í flestum apótekum,
Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Hagkaup og Fjarðarkaup.

Allt að
70%
afsláttur

Haustvörurnar streyma inn.
Rýmingarsalan er hafin.

comma,
Smáralind
facebook.com/Commalceland

Flottar
í ferðalagið

Hvítar gallabuxur
14.900 kr.
Stærð 34 - 43

Ljósbláar gallabuxur
12.900 kr.
Stærð 34 - 46/48

Opið virka daga kl. 11–18
Lokað laugardaginn 1. ágúst

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klíkið á myndir og verð á Facebook

Allar vörur frá
Marina Rinaldi
persona
50%
afsláttur!

Ný sending
af haustvörum frá

MARINA RINALDI persona

ÚTSALA – ÚTSALA

lækkum allar vörur frá Marina Rinaldi/Persona
á útsöluinni í 50% afslátt.
Vertu velkomin.

Parisar

TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Postdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna
og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

DRYKKJAN VARASÖM

ÁBYRGARA KYNLÍF Íslendingar eiga Evrópumet í klamydíusmiti. Herpes og aðrir ólæknandi kynsjúkdómar eru sömuleiðis algengir. Það kemur í því samhengi ekki á óvart að smokkanotkun er ábótavant. Sigurlaug Hauksdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá Embætti landlæknis, segir dómgreindarbrest af völdum áfengis- og vímuefna oft eiga í hlut. Það er umhugsunarefni fyrir helgina.

Um 2.000 einstaklingar smitast af klamydíu á ári hverju eða sex á dag, flestir á aldrinum 15-25 ára. Herpes og kynfæravörtur eru enn algengari. Tölfræði yfir smokkanotkun kemur í því samhengi ekki á óvart en þar erum við gjarnan eftirbátar annarra ríkja. En hver er skýringin? Er forvörn um ábótavant? Að mati Sigurlaugar Hauksdóttur, yfirfélagsráðgjafa hjá Embætti landlæknis, sem jafnframt starfar með HIV-jákvæðum á Landspítalanum er skýringanna m.a. að leita í því hve snemma íslensk ungmennt byrja að stunda kynlíf og hve oft áfengi og önnur vímuefni eru höfð um hönd áður en það er stundað.

AUGNABLIK GETA ÖLLU BREYTT „Alltaf öðru hvoru kemur til mín fólk á ólíkum aldri sem segist vera vel upplýst um smitleiðir kynsjúkdóma. Það gleymdi sér hins vegar á ögurstundu meðal annars vegna neyslu áfengis eða vímuefna. Það þarf bara nokkrar mínútur til að breyta framtíðinni og geta þær því miður haft afdrifarík áhrif. Sumir kynsjúkdómar, eins og klamydí, geta t.d. haft áhrif á getuna til að eignast börn og aðra sjúkdóma, eins og HIV, herpes og kynfæravörtur, situr fólk uppi með ævilangt.“

ÞARF AÐ SEINKA FYRSTU SAMFÖRUM En hvað er til ráða? „Það væri gott ef ungmennin okkar væru ekki að flýta sér um of við að byrja að stunda kynlíf því hver mánuður og ár getur skipt máli í auknum þroska á þessu sviði eins og öðrum. Samevrópskar rannsóknir hafa sýnt að íslenskar stúlkur byrja mun fyrr að stunda kynlíf en flestar kynsystur þeirra í Evrópu. Drengir eru hins vegar nær meðaltalinu. Aldur stúlkna er samt aðeins að hækka sem er mjög jákvætt enda gerir aukinn þroski ungmennum frekar kleift að standa á sínu. Sigurlaug segir nefnilega mikilvægt að ungt fólk skipuleggi kynlífshegðun sína eins og svo margt annað í lífinu. „Við þurfum til dæmis að taka ákvörðun um það fyrirfram hvort við ætlum í kynlífi okkar að taka áhættu með eigin heilsu og jafnvel heilsu annarra.“

Sigurlaug segir eðlilegt að margt fólk vilji prófa sig áfram í kynlífi á meðan það er ungt en samnorræn rannsókn á konum sýndi að Íslendingar áttu met í fjölda bólfélaga. „Við erum greinilega mjög frjálsgleg sem hefur sína kosti og galla. Frelsinu þarf þó að fylgja ábyrgð ef fólk vill ekki sitja uppi með neikvæðar afleiðingar eins og kynsjúkdóm.“

Oft er talað um að líkur á smiti aukist með fjölda bólfélaga. Að sögn Sigurlaugar þarf svo alls ekki að vera. „Ef smokkurinn er notaður í hvert skipti sem kynlíf er stundað er það mun öruggara en ef notkun hans gleymist í eitt sinn.

Sigurlaug mælir með því að fólk byrgi sig upp af smokkum fyrir verslunarmannahelgina, bæði fyrir sig og aðra sem eru ekki jafn fyrirhyggjusamir. MYND/ANDRI MARINO

ÞARF ALLTAF AÐ VERA Á Smokkurinn er eins og margur veit eina vörnin gegn kynsjúkdómum. Sigurlaug segir þó skorta talsvert upp á að menn noti hann rétt. „Í fyrsta lagi verður að nota hann í hvert skipti, ekki bara oftast eða stundum. Þá þarf að fylgja leiðbeiningunum vel. Þegar menn kvarta undan því að smokkurinn rifni er það gjarnan vegna þess að hann er ekki rétt settur á. Jafnframt er mikilvægt að setja hann á typpið á réttum tíma, en ekki bara rétt fyrir sáðlát. Um leið og slímhúðir mætast er hætta á smiti,“ útskýrir Sigurlaug.

En nú hefur oft verið uppi umræða um að hafa smokka ókeypis eða niðurgreidda. Hvernig stendur það mál? „Það hefur því miður ekki náðst í gegn og á meðan svo er er mikilvægt að láta ekki pirring verða til þess að taka áhættu með eigin heilsu. Smokkar fást nú orðið mjög víða eins og í matvöruverslunum, apótekum og á bensínstöðvum. Nokkrir smokkar kosta á við nammipoka eða bíóferð og ættu flestir að hafa ráð á því.“

Sigurlaug mælir með því að fólk byrgi sig vel upp af smokkum fyrir verslunarmannahelgina. „Bæði fyrir sig og aðra sem ekki eru jafn fyrirhyggjusamir.“ Smokkinn segir hún fyrsta stigs forvörn. „Ef hann af einhverjum ástæðum skyldi klinka er nauðsynlegt að taka næsta skref og fara á Húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans eða á heilsugæsluna og kanna hvort eitthvað hafi gerst. Ef við greinumst með sjúkdóm er hægt að lækna suma þeirra strax, aðrir, eins og HIV, þurfa ævilanga lyfjagjöf og eftirfylgni.“

FLESTIR KYNSJÚKDÓMAR EINKENNA LAUSIR Sigurlaug leggur áherslu á að í flestum tilfellum finni fólk engin einkenni og er klamydí til að mynda einkennalaus í allt að 70 prósentum tilfella. „Það verður

því alltaf að hugsa málið út frá eigin hegðun. Ef tekinn hefur verið séns þarf að athuga málið og því fyrr sem það er gert því betra, því margir kynsjúkdómar ágerast með tímanum.“ Sigurlaug bendir á að skoðun og meðferð við flestum kynsjúkdómum sé ókeypis til dæmis á „Húð og kyn“ á Landspítalanum og á heilsugæslustöðvum. Hún segir jafnframt ráð að fara í skoðun áður en tekin er ákvörðun um að stunda óvarið kynlíf. „Það er ekkert sem segir að fólk þurfi að nota smokka ævilangt. Þar sem hefur tekið ákvörðun um að vera saman getur komið í sameiningu og kannað hvort ekki sé allt með felldu áður en smokknum er sleppt.“

ÝMISS KONAR FORVARNARSTARF Sigurlaug hefur unnið með HIV-jákvæðum á Íslandi frá árinu 1997 og lagt mikið af mörkum til hvers kyns forvarnarstarfs. Aðspurð segir hún sannarlega reynt að ná til ungmenna í grunn- og framhaldsskólum þótt auðvitað sé alltaf hægt að gera betur. „HIV-Ísland fer meðal annars inn í alla efri bekkir grunnskóla og fræðir um kynsjúkdóma með áherslu á HIV. Ástráður, forvarnarhópur læknanema á öðru ári, fer svo inn í alla fyrstu bekkir framhaldsskóla og efri bekkir grunnskóla sé þess óskað. Þá hafa hjúkrunarfræðingar í grunnskólum búið til sérstakt námsefni sem þeir nýta til fræðslu. Auk þess eru félagasamtök eins og Samtökin 78 og Blátt áfram oft fengin til að tala við ungmenni. Þá hef ég ásamt Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur og Guðbjörgu Eddu Hermannsdóttur verið með fræðsluna Tölum saman – samskipti foreldra og unglinga um kynlíf frá árinu 2002, en hún er fyrir 7.-10. bekkina og foreldra þeirra. Ég sem starfsmaður hjá söttvarnalækni hjá Embætti landlæknis er auk þess alltaf boðin og búin til að vera með fræðslu hvar og hvenær sem er.“ ■ vera@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Eina sérværslun landsins með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin

**Landmann gasgrill
Triton 2ja brennara**

Niðurfellanleg
hliðarborð

8,0
KW

- Orka 8 KW = 27.300 BTU
- 2 brennara úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- 4 hjól með bremsu

69.900
FULLT VERÐ 79.900

Nr. 12903

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

**Landmann gasgrill
Triton 3ja brennara**

Niðurfellanleg
hliðarborð

10,5
KW

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennara úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól
- Einnig til hvítt og rautt

89.900
FULLT VERÐ 99.900

Nr. 12932

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

**Landmann gasgrill
Avalon 5 brennara**

22,8
KW

- Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
- 4 brennara úr ryðfríu stáli
- Innrauður ofurbrennari fyrir hina fullkomu steik
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Grillteinn og bakbrennari
- Gashella

209.900
FULLT VERÐ 249.900

Nr. 12794

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

**Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara**

18,7
KW

- Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
- 4 brennara úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Rafkveikja
- Gashella
- Auðveld þrif

139.900
FULLT VERÐ 169.900

Nr. 12792

www.grillbudin.is

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Weber ferðagasgrill

Nr. Q1200

39.900
FULLT VERÐ 54.900

Landmann ferðagasgrill

19.900
FULLT VERÐ 24.900

Nr. 12050

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

**Weber gasgrill
Genesis 3ja brennara**

11,1
KW

- Orka samt: 11,1 KW = 38.000 BTU
- 3 brennara úr ryðfríu stáli
- Bragðburstir úr ryðfríu stáli
- Lok og skápur úr ryðfríu stáli
- Ryðfriar 7mm stál grindur
- Rafstýrð kveikja
- Ryðfrítt lok með hitamæli
- Glæsilegt grill fyrir kröfuharða

*Eigum flestar gerðir
Weber grilla á lager*

Nr. Genesis S310

weber

**Landmann gasgrill
Grill Chef 3 brennara**

10,5
KW

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennara úr ryðfríu stáli
- Ryðfrítt lok með mæli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveiking í öllum rofum
- Postulínsemalerað efri grind
- Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu sem auðveldar mjög þrif

49.900
FULLT VERÐ 59.900

Nr. 12721

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

grillpad

2 in 1

15 mín

690

Sérstaklega meðhöndluð grillkol
þú kveikir bara í bréfinu


Lokað laugardaginn 1. ágúst og frídag verslunarmanna

Komdu og fáðu ráðleggingar

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

Grillbúðin

BÍLAR & FARARTÆKI



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



HOLICAMP Holi space. Árgæð 1997, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 179.000. Rnr.193290. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is 100% visa Euro lán

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is



KYNNINGARVERÐ 1.990PÚS

Niewiadow hjólhýsín hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært kynningarverð á nýjum hjólhýsum aðeins 1.990p.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Eru með hjólhýsín á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Hybrid - Nýir bílar Árgæðir 2015. Sjálfsk. Eignum til nokkra bíla á lager! Frábært verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 134854. Sjá á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn. Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR

Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til, sjón er sögu ríkarí. EKKI MISSA AF PESSU.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Vissir þú að...
börn eiga rétt á
nægum svefni!

bíll.is



2015 ÁRGERÐ
SKODA Octavia árgæð 2015 ekin 9 P. dísel sjálfskiptur krókur filmur besta verð 4.380.000. Rnr.138923.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



Land Rover Range Rover TDV8 - 1/2007 ek 96 þús km - Dísel - sjsk - Ný dekk - Mjög flottur bíll - Er á staðnum - Ásett verð 6990 þús - Raðnr 152015.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Outwell smart air fortjald til sölu. Engar súlur, loftpumpa. 3,5 x 2,5 metrar. Uppl í s. 660 6633



5stk álfelgur og dekk til sölu. S. 7802315



Skoda Actavis 2006 árg. Túrbó dísel 4x4, 850þús tilboð S: 6162597



Ford Focus árg. 2004 keyrður 205 þús. Parf að yfirfara bílinn. Verð 250 þús. Uppl. í s. 660 8964

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bílinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólkubíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólhýsi



Hobby Premium 495-UL hjólhýsi til sölu. Skráð 2015, notað nokkrum sinnum. Fallegt hjólhýsi með ljósu leðuráklæði, tveimur rúmum. Fylgir með sjónvarp á vegg, markísa með fortjaldi, mover og sólarsetla. Verð: 5.500.000 kr. Upplýsingar í síma: 897-5755 eða arbak@talnet.is

Húsbílar



FÍAT Ducato Mc Louis. Árg 2003. Ek 50 þ.km, 5 gíra, gott eintak, verð: 4.100.000. Sími: 561 1711

Bátar



Lítið notaður Bella 5,61 metra plastbátur með 90 hestafla Mercury utanborðsmótor. Ásett verð kr. 3,5 millj. Skipti á dýrari eða ódýrari bíl eða góðu hjólhýsi koma til greina. Uppl. í s. 8242310.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

HREINVERK

Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþríf, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Garðyrkja



Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

PAK OG HÚSAMÁLUN

Get bætt við mig verkum. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

Spádómar



Húsaviðhald

